

STEFNA LANDSPÍTALA UM SJÚKRASKRÁ

Tilgangur

- Tryggja öryggi og gæði sjúkraskrárupplýsinga
- Tryggja gæði skráningar, skilvirkni, yfirsýn, samræmingu og samfellu í skráningu
- Tryggja að sjúkraskrá endurspegli þá þjónustu sem veitt er á hverjum tíma
- Tryggja markvissa miðlun upplýsinga milli heilbrigðisstétta/-stofnana um meðferð sjúklinga
- Tryggja varðveislu, aðgengi og rekjanleika gagna
- Tryggja persónuvernd og eftirlit með notendum og sjúkraskrárgögnum

Sýn

Að sjúkraskrá sé í þágu sjúklingsins, skráð af fagmennsku, samkvæmt lögum og fyrirmælum Embættis landlæknis.

Gildi

Við höfum **fagmennsku** í fyrirrúmi við skráningu í sjúkraskrá og skráum samkvæmt lögum og fyrirmælum Embættis landlæknis

Skráning okkar í sjúkraskrá endurspeglar **umhyggju** fyrir sjúklingum

Við höfum **öryggi** að leiðarljósi í allri umsýslu er varðar sjúkraskrá

Við vinnum að **framþróun** í sjúkraskrármálum á landsvísi

Áherslur

Öryggi: Tryggja ber að gögn sem færð eru í rafræna sjúkraskrá séu varðveitt með öruggum hætti og varsla þeirra uppfylli reglur um öryggi og vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðum laga. Rafræn sjúkraskrárkerfi skulu uppfylla viðeigandi öryggisstaðla.

Skráning: Í rafræna sjúkraskrá skal færa með skipulegum hætti þau sjúkraskrárgögn sem verða til í tengslum við meðferð sjúklinga og nauðsynleg eru vegna greiningar og meðferðar þeirra. Flokkunar- og kóðunarkerfi skulu notuð eftir því sem við verður komið. Heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð og færir upplýsingar um hana í sjúkraskrá ber ábyrgð á sjúkraskrárfærslum sínum. Við færslu sjúkraskráa ber að virða rétt sjúklinga. Sjúkraskrárupplýsingar skulu vera rafrænar og færðar jafnóðum eða að jafnaði innan tuttugu og fjögurra stunda frá þeim tíma er þeirra var aflað.

Aðgengi: Gögn eiga að vera aðgengileg öllum þeim meðferðaraðilum sem hafa til þess heimild og eiga þau að vera aðgengileg þegar þeirra er þörf, óháð stofnunum. Tryggja skal aðgengi sjúklinga að eigin sjúkraskrá.

Kennsla: Öllum heilbrigðisstarfsmönnum og nemum í heilbrigðisvísindum skal tryggð kennsla og leiðbeiningar um skráningu. Stefnt skal að setningu hæfniviðmiða um notkun sjúkraskrár.

Eftirlit: Tryggja skal reglubundið eftirlit með notendum rafrænnar sjúkraskrár og heilbrigðisgögnum. Heilbrigðisstarfsmenn og nemar í heilbrigðisvísindum er færa sjúkraskrárupplýsingar í sjúkraskrá skulu undirrita trúnaðar- og þagnarskyldu.

Stöðugar umbætur: Þróun sjúkraskrár skal vera í takt við nýjustu þekkingu í upplýsingatæknimálum og uppfylla þarfir klínískra starfsmanna til skráningar sjúkraskrárgagna svo öryggi sjúklinga sé tryggt. Reglulegar úttektir sjúkraskrárgagna skulu nýttar til að bæta skráningu.

Sjúkraskrá Landspítala er rafræn.